




Reykjavík, 25. nóvember 2024  
USK24110193

## Suðurlandsvegur við Norðlingabraut– Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. nóvember 2024 var lögð fram fyrirspurn Ólafar Þorvarðsdóttur, dags. 17. nóvember 2024, um að stækka sumarhús á lóðinni Suðurlandsv. v/Norlb, L112522, sem felst í að byggja yfir pall hússins. Einnig er lögð fram ljósmynd.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er byggingin staðsett á svæði sem er skilgreint sem opið svæði (OP19) Bugða, um það segir *Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar.*

Í B-hluta aðalskipulags segir um svæðið *Áin er tært vatnsfall og eru bakkar Bugðu víðast hvar vel vel grónir. Í leysingum flæðir áin yfir bakka sína og fer hún þá yfir nokkuð stórt svæði og eru flóðin undirstaða gróskunnar sem á sér stað á engjunum meðfram ánni. Á votlendissvæðinu, við Bugðu, er töluvert um votlendisfugla sem vappa um mýrar og flæðingjar. Álf og gæs ásamt urtönd, stökkönd, rauðhöfðaönd, duggönd, skúfönd og toppönd eru árvissar fuglategundir á bökkum árinna. Jaðrakan og lóupræll eru algengir vaðfuglar í votlendinu og óðinshani er að öllum líkindum árviss. Hettumávur og kría verpa eitthvað á svæðinu. Stefnt er að því að halda uppbyggingu í algjöru lágmarki en bæta aðgengi um svæðið.*

**Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Norðlingaholt, samþykkt í borgarráði 11.04.2003 ásamt síðari breytingum. Í gildandi deiliskipulagi var skipulagi frestað fyrir opnað svæðið við Elliðaárdal þar sem sumarhúsið stendur.

### Fyrirspurn

Óskað er eftir leyfi til þess að gera nauðsynlegar endurbætur á sumarhúsi, sem er 30,9 fm og stendur á lóðinni Suðurlandsv. v/Norlb, þannig að það yrði uppfært til nútímakrafna. Hugmyndin felst í að bæta aðstöðuna með því að byggja yfir pallinn framan við húsið (sjá mynd). Pallurinn er um það bil 17 fermetrar. Breytingarnar falla undir „nauðsynlegt viðhald eða endurbætur“.



Reykjavík



## Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa vegna stækkun á sumarhúsi sem er staðsett á opnu svæði við Elliðavatn. Samkvæmt fasteignaskrá er byggingin 30,9 fermetrar, byggð árið 1966. Umrædd stækkun á húsi er um það bil 17 fermetrar og heildarstærð hússins verður því eftir stækkun um það bil 48 fermetrar. Samkvæmt Aðalskipulaginu er stefnt að því að halda uppbyggingu í algjöru lágmarki á þessu svæði.

Umrædd breyting er talin vera nauðsynlegt viðhald og endurbætur á húsinu og uppfærsla til þess að mæta nútíma kröfum. Halda skal öllu jarðraski í lágmarki við framkvæmdina.

## Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

## f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri